

# Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Apríl 2012 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

## Hegningarlagabrot eftir embættum


Á mynd 1 má sjá fjölda hegningarlagabrota fyrstu fjóra mánuði ársins 2012 greint eftir embættum en brotin voru alls 3.700. Eins og sjá má eru flest hegningarlagabrot skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (2.722 brot), eða 74% hegningarlagabrota. Næstflest brot voru skráð hjá lögreglunni á Suðurnesjum (272 brot), eða 7% brota og þar á eftir fylgir lögreglan á Akureyri með 5% hegningarlagabrota. Þá voru 159 hegningarlagabrot skráð hjá lögreglunni á Selfossi, sem samsvarar 4% allra hegningarlagabrota. Fjögur lögregluembætti hafa því sinnt 90% hegningarlagabrota það sem af er ári.



Mynd 1. Fjöldi hegningarlagabrota fyrstu fjóra mánuði ársins 2012, greint eftir embættum.

## Þróun það sem af er árinu 2012

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota greint eftir mánuðum árin 2010, 2011 og fyrstu fjóra mánuði ársins 2012. Skráð hegningarlagabrot voru 976 sem eru 6% fleiri brot en í mars. Brotin voru þó 7% færri en í apríl í fyrra.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2010, 2011 og það sem af er ári 2012 greint eftir mánuðum.

Tafla 1 sýnir fjölda í nokkrum brotaflokkum fyrstu fjóra mánuði ársins. Þjófnaðar- og innbrotum fer fækkandi þegar miðað er við fjölda síðustu tveggja ára, en ölvunarakstri og fíkniefnabrotum fjölgandi.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum fyrstu fjóra mánuði ársins 2010, 2011 og 2012.

Hraðakstursbrot voru 9.628, eða 38% fleiri en yfir sama tímabil í fyrra, en 21% færri en fyrstu fjóra mánuði ársins 2010. Þjófnaðarbrott voru 1.196 sem er mjög svipað fjöldanum í fyrra en 20% færri brot en yfir sama tímabil árið 2010. Þá voru innbrot 539 sem eru færri brot en síðustu tvö ár (sjá töflu 1).

	Jan.-apríl'10	Jan.-apríl '11	Jan.-apríl'12
Hraðakstursbrot	12.246	6.973	9.628
Þjófnaðarbrott	1.503	1.211	1.196
Eignaspjöll	957	724	785
Innbrot	960	587	539
Ölvun við akstur	368	350	407
Fíkniefnabrot	448	494	650
Líkamsárás (217.-218. gr.)	385	324	351

Skráðar líkamsárásir eru 351 sem jafngildir að meðaltali þremur (2,9) slíkum á dag. Þær voru 8% fleiri en yfir sama tímabil í fyrra, en 9% færri en yfir sama tímabil árið 2010. Eignaspjöll voru 785 sem jafngildir sex (6,5) slíkum brotum á dag. Þau voru 8% fleiri en yfir sama tímabil í fyrra, en 18% færri þegar miðað er við árið 2010.